

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*7. október 2015*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn.*

Í síðustu viku tóku nemendur skólans þátt í Norræna skólahlaupinu og stóðu sig með stakri þryði. Gaman er að segja frá því að alls hlupu nemendur skólans 227,5 km.

### ***Flatböku-Fljót***

Fimmtudaginn 8. október verða nemendur í 9. bekk með pizzuhlaðborð á Ketilási. Pizzuhlaðborðið er fjáröflunarverkefni þeirra en þau fara að Laugum í Sælingsdal í febrúarbyrjun. Pizzuhlaðborðið verður frá kl. 19.00-21.00. Við vonumst til að sem flestir komi og gæði sér á dýrindis pizzum og styrki krakkana í leiðinni.

### ***Minningarhátíð (Rakelarhátíð)***

Sunnudaginn 11. október kl. 14 verður Rakelarhátíðin haldin í Höfðaborg. Fyrir þá sem ekki vita er Minningarhátíðin fjáröflunarskemmtun fyrir Minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur sem var nemandi hér við skólann en lést af slysförum aðeins 8 ára gömul. Sjóðurinn hefur í gegnum tíðina staðið þétt við bakið á skólanum og gefið fjölmarga hluti til hans, bæði til félagsstarfa nemenda og eins tæki til notkunar í kennslu.

Ræðumaður dagsins er Séra Hjálmar Jónsson og Dana Ýr Antonsdóttir fyrrverandi nemandi skólans syngur nokkur lög.

### ***Vinadagur***

Næstkomandi miðvikudag 14. október verður sameiginlegur vinadagur haldinn í öllum skólum í Skagafirði í fjórða sinn. Nemendur koma saman í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þar verður sameiginleg stund með söng og gleði en að því loknu fer hver árgangur fyrir sig í stofur í Árskóla þar sem áfram verður markmiðið að eiga skemmtilega stund saman. Við fáum hádegisverð í Árskóla en eftir hádegi förum við og heimsækjum fyrirtæki, farið verður í fjós og minkabú heimsótt. Nemendur á Hólasvæðinu fá morgunmat í skólanum en hjá öðrum nemendum mælumst við til að staðgóður morgunmatur verði snæddur heima áður en lagt er af stað.

Athugið að skólinn á Hofsósi byrjar kl. 9:10 þennan dag og að félagsmiðstöð fellur niður hjá nemendum 7. – 10. bekkjar. Áætluð heimkoma í Hofsós er á milli hálf fjögur og fjögur.

### ***Vetrarfrí***

Vetrarfrí verður í skólanum fimmtudag 15. og föstudag 16. október. Vetrarfrí er á sama tíma í öllum grunnskólum í Skagafirði og einnig í tónlistarskólanum. Nemendur og allir starfsmenn skólanna verða þá í frí.

### ***Haustsamverur***

Haustsamverurnar verða tvær í ár:

Þriðjudaginn 20. október fyrir 8.- 10. bekk kl. 20 – 22.

Þriðjudaginn 27. október fyrir 1.- 7. bekk kl. 17 – 19.

Haustsamverurnar eru vettvangur fyrir alla foreldra og kennara til að hittast og ræða það starf sem er framundan. Gestir haustsamveranna að þessu sinni eru Selma Barðdal og Bergmann Guðmundsson, en þau munu fjalla um ábyrgð foreldra í námi barna sinna sem og segja frá þeim tölvuleikjaheimi sem börnin okkar lifa í.

Bestu kveðjur,

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*